

R14070061  
61351

**S A M Þ Y K K T**  
fyrir bílastæðanefnd

**Umboð**

1. gr.

Bílastæðanefnd fer með málefni Bílastæðasjóðs Reykjavíkur og starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

**Hlutverk**

2. gr.

Bílastæðasjóður er sjóður í eign Reykjavíkurborgar með sjálfstæðan fjárhag. Verkefni hans eru að bjóða stæði og svæði fyrir lagningar ökutækja, m.a. með því að sjá um rekstur bílastæða og bílahúsa fyrir almenning og framfylgja stefnumörkun Reykjavíkurborgar samkvæmt bíla- og hjólastæðastefnu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og heildarstefnumörkun um vistvænar samgöngur. Jafnframt skal Bílastæðasjóður sjá um eftirlit með bifreiðastöðum í Reykjavík skv. nánari heimild þar um.

Sjóðnum er heimilt að stofna til samstarfs við þjónustu- og hagsmunaaðila í borginni sem varða verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. Slíkir samstarfssamningar skulu samþykktir af Bílastæðanefnd.

Þá er sjóðnum heimilt að taka að sér innheimtu vegna stöðvunarbrotagjalda í öðrum sveitarfélögum.“

Jafnframt skal Bílastæðasjóður sjá um eftirlit með bifreiðastöðum í Reykjavík skv. nánari heimild þar um. Þá er sjóðnum heimilt að taka að sér innheimtu vegna stöðvunarbrotagjalda í öðrum sveitarfélögum.

3. gr.

Til Bílastæðasjóðs skulu m.a. renna tekjur af leigu bílastæða, hvort sem er úti eða inni, til skemmri eða lengri tíma, af svæðum, stæðum eða húsum. Um getur verið að ræða tekjur af bílastæðakortum, stæðum eða svæðum (gjaldmælar, GSM greiðslukerfi o.fl.), bílahúsum, leigutekjur af sérstökum stæðum eða svæðum o.fl. Jafnframt tekjur vegna stöðvunarbrotagjalda og greidd bílastæðagjöld húsbyggjenda þegar eigandi fasteignar fullnægir ekki kröfum byggingarreglugerðar um bílastæði á lóð sinni skv. sérstakri ákvörðun þar um. Ennfremur getur verið um að ræða framlög úr borgarsjóði eða öðrum sjóðum.

Tekjum Bílastæðasjóðs skal varið til rekstrar sjóðsins og í samræmi við heimildir umferðarlaga og starfsreglur stjórnar.

4. gr.

Hjá Bílastæðasjóði skal færa til eignar öll bílahús og bílskýli fyrir almenning á vegum Reykjavíkurborgar. Er Bílastæðasjóði heimilt að taka lán með veði í þeim mannvirkjum sem eru bókfærð hjá Bílastæðasjóði.

#### 5. gr.

Bílastæðanefnd skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Starfsmannastefnu
2. Samgöngustefnu
3. Stefnu í aðgengismálum
4. Upplýsingastefnu
5. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Mannréttindastefnu
8. Umhverfis- og auðlindastefnu
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
10. Stefnu í erlendum samskiptum
11. Siðareglum
12. Leikreglum fjárhagsáætlunar

#### 6. gr.

Bílastæðanefnd stýrir öllum málefnum sjóðsins og leggur fyrir borgarráð tillögur að breytingum sem borgarráð þarf að staðfesta skv. umferðalögum eða nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Bílastæðasjóður annast framkvæmd stefnu og verkefna bílastæðanefndar, stjórnsýslu og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

Ágreiningi um hvort tiltekið mál heyri undir bílastæðanefnd ber að vísa til borgarráðs.

### **Skipan bílastæðanefndar**

#### 7. gr.

Bílastæðanefnd er skipuð 5 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn skýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Nefndin kýs sér varaformann og skiptir að öðru leiti með sér verkum. Kjörtímabil bílastæðanefndar er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi bílastæðanefndar, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Bílastæðanefnd getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málafokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

### **Verkstjórn og verkaskipting**

#### 8. gr.

Formaður bílastæðanefndar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bílastæðanefndar og rekstri og stjórnsýslu sjóðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

### **Boðun funda og fundarsköp**

#### 9. gr.

Bílastæðanefnd heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk frá fulltrúa í nefndinni um nefndarfund skal verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra og stýrir fundum bílastæðanefndar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði bílastæðanefndar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar hjá nefndinni þótt það sé ekki tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi bílastæðanefndar, með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

### **Fundaskipulag og ritun fundargerða**

#### 10. gr.

Fundur bílastæðanefndar skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Bílastæðanefnd skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal bílastæðanefndar. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

### **Fjármál**

#### 11. gr.

Bílastæðanefnd felur framkvæmdastjóra að vinna tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun þess og borgarráðs. Nefndin afgreiðir starfsáætlun sjóðsins. Formaður bílastæðanefndar og framkvæmdastóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

### **Ráðningar**

#### 12. gr.

Borgarráð ræður framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður í önnur störf hjá Bílastæðasjóði.

### **Rekstur bílastæða og svæða**

#### 13. gr.

Bílastæðanefnd ákveður hvar á götum og opnum svæðum, sem skilgreind eru sem bílastæði af skipulagsyfirvöldum, skuli setja upp gjaldskyldu. Þá getur Bílastæðasjóður samið um gjaldtöku og rekstur á stæðum og svæðum.

#### 14. gr.

Tekjur af rekstri bílastæða og svæða renna í Bílastæðasjóð. Bílastæðanefnd ákveður upphæð gjalds fyrir stöðu ökutækis á stæðum og svæðum.

#### 15. gr.

Bílastæðanefnd ákveður tegund gjalds (m.a. tímaleigugjald eða fast gjald), hvað ökutæki megi standa þar lengi samfelt og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu í takmarkaðan tíma þegar sérstaklega stendur á. Skal það gert í samráði við Bílastæðasjóð.

#### 16. gr.

Sé óskráðu og/eða númerslausu tæki, kerru, gám, vinnutæki eða álíka komið fyrir í gjaldstæði skal leita fyrst samþykkis Bílastæðasjóðs og greiða leigu fyrir afnotin. Sama gildir þegar um er að ræða lokun stæða vegna framkvæmda, vinnupalla, þrifa eða álíka. Sé það ekki gert er Bílastæðasjóð heimilt að láta fjarlægja viðkomandi úr stæðinu á kostnað eiganda eða umráðamanns.

#### 17. gr.

Reykjavíkurborg annast gerð og rekstur sérstakra bílastæða fyrir ökutæki, sem bannað er samkvæmt 19. grein lögreglusamþykktar að leggja á götum eða almennum bílastæðum borgarinnar.

Bílastæðanefnd getur ákveðið að notendur bílastæðanna skuli greiða fasta mánaðarleigu fyrir afnot þeirra og skal þá gefa leyfi til lagningar til kynna með miða á framrúðu viðkomandi ökutækis eða á annan sannanlegan hátt. Óheimilt er þá að nota bílastæðin án heimildar. Séu þau notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald fyrir notkunina.

### **Rekstur bílahúsa**

#### 18. gr.

Bílastæðanefnd ákveður gjaldskrá bílahúsa og opnunartíma.

#### 19. gr.

Heimilt er bílastæðanefnd að selja hlutdeildarbréf í bílahúsum. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bílastæði samkvæmt nánari skilmálum í ákveðnu bílahúsi. Réttthafi bílastæðis í bílahúsi greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

#### 20. gr.

Heimilt er bílastæðanefnd að semja við eigendur bílahúsa um rekstur þeirra á vegum Bílastæðasjóðs. Slíka samninga ber að staðfesta í borgarráði.

## Stöðvunarbrotgjöld

21. gr.

Stöðvunarbrotgjöld eru tvenns konar. Annars vegar aukastöðugjöld sem eru vegna brota á reglum um notkun stöðureita og hins vegar stöðubrotsgjöld vegna ólöglegra lagninga skv. nánari heimildum umferðarlaga.

22. gr.

Sérstakir stöðuverðir sjá um eftirlit með bílastæðum (aukastöðugjöld) og ólöglegum lagningum (stöðubrotsgjöld). Þeir skulu líta eftir því að notendur bílastæða hafi greitt tilskilin gjöld og sömuleiðis að bílum og öðrum ökutækjum sé ekki lagt ólöglega og er þeim heimilt, að fenginni heimild ráðherra, að leggja gjald á bíla sem ekki virða umrædd ákvæði umferðarlaga.

Samhliða stöðuvörðum sér lögreglan um eftirlit með lagningum. Lögreglunni er heimilt að leggja gjaldmiða á bíla til innheimtu aukastöðugjalds eða stöðubrotsgjalds. Bílastæðasjóði er heimilt að sjá um innheimtu gjalds fyrir lögreglu.

23. gr.

Borgarráð ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds að fenginni tillögu bílastæðanefndar. Heimilt er að hækka gjöld sem ekki eru greidd innan tilskilins frests skv. nánari reglum þar um.

Kröfubréf skulu send til þeirra sem ekki greiða innan greinds frests.

24. gr.

Bílastæðasjóði og/eða innheimtuaðila er heimilt að beita innheimtuúrræðum umferðarlaga verði gjöld ekki greidd innan tilskilins frests.

25. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 2. mgr. 83. gr. og 3. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tekur hún þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi eldri samþykkt frá 1. mars 1988.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 10. júlí 2014



Dagur B. Eggertsson